

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. apríl 2022 vegna auglýsinga á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla á lóð nr. 1 við Fornhaga.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla á lóð nr. 1 við Fornhaga, birtist í Fréttablaðinu miðvikudaginn 20. apríl 2022. Tillagan er í kynningu frá 20. apríl 2022 til og með 7. júní 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/fornhagi-1>

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. mars 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 31. mars 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1. Í tillögunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir uppsetningu tímabundinna færanlegra eininga fyrir kennslu og starfsmannahald á lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **20. apríl 2022 til og með 7. júní 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 7. júní 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu 
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 